



STUÐLABERG  
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ  
www.studlaberg.is  
s. 420-4000

# VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 14. AGÚST 2024 // 30. TBL. // 45. ÁRG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK



## Víkurfrettir eru 44 ára í dag

Víkurfrettir eiga afmæli í dag, 14. ágúst. Fyrsta tölublað Víkurfretta kom út á þessum degi árið 1980. Á þessum tíma lætur nærri að 2.200 tölublöð hafi komið út. Víkurfrettir eru aðgengilegar frá fyrsta tölublaði á timarit.is. Þar geta áhugasamir grúskað í sögunni og sett sig inn í tíðarandann á þessum 44 árum sem liðin eru frá fyrsta tölublaði.

## Fjölskyldudagar haldnir í Vogum

Fjölskyldudagar Sveitarfélagsins Voga eru haldnir frá fimmtudegi til sunnudags en þeir eru ávallt haldnir þriðju helgina í ágúst ár hvert. Þar er boðið upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla fjölskylduna og aðgangur að öllum viðburðum hátíðarinnar er ókeypis.

Hátíðin hefst á fimmtudag með tónleikum í Háabjalla. Aðalhátíðisdagurinn er svo á laugardag þar sem fer fram fjölbreytt dagskrá í Aragerði. Nánar má sjá um fjölskyldudagana á vef Víkurfretta, vf.is



Geitungabúið er mikil listasmiði. VF/pket



Ragnar með körfuboltann með geitungabúinu.

## Geitungabú á körfubolta

„Geitungabúin eru oft á ýmsum stöðum en að velja körfubolta er líklega það skýtnasta sem ég hef séð,“ segir Ragnar Guðleifsson, meindýraeyðir þegar hann sýndi blaðamanni geitungabú sem var fast ofan á körfubolta sem hafði verið úti í garði á heimili í Reykjanesbæ.

Ragnar hló þegar hann var spurður hvort þetta hafi verið körfuboltageitungar en það sé kannski ekki skýtið í ljósi vinsældar ífróttarinnar á Suðurnesjum. Sjá mátti nokkur bú í bíl

Ragnars sem hann hafði eytt síðustu daga en meindýraeyðirinn mætir vopnaður sérstöku eitri í brúsa sem hann spreypar yfir búinu. Þegar hann er búinn að því er búinu dautt innan tuttugu sekúndna.

Á veraldarvefnum kemur fram að geitungar séu félagsskordýr. Þeir byggja bú úr pappírs-kvoðu sem þeir fá með því að naga timbur. Í hverju geitungabúi er ein drottning og mörg hundruð vinnugeitungar. Drottningin verpir eggjum í sérstök hólf. Úr eggjunum þroskast

lirfur sem síðan verða að púpum. Úr púpunum skriða aðeins vinnugeitungar yfir sumartímann. Vinnugeitungar annast lirfur og viðhalda búinu. Yfir vetrartímann liggja geitungadrottningar í dvala. Hér á landi fara þær yfirleitt aftur á kreik seinnihlutann í maí og leggja þá drög að byggingu bús á hentugum stað. Geitungabúið er síðan „lifandi“ oftast vel inn í ágúst og september en þá afleggur drottningin búinu og íbúar þess flosna upp frá því. Á haustin verða til nýjar drottningar sem lifa af veturinn.

## Elín sér um að upp-tökur frá Ólympíuleikunum gangi fullkomlega upp



Sjá viðtal í miðopnu!

## Fjölbreytileikanum fagnað á Suðurnesjum



Gangbraut fjölbreytileikans var máluð við ráðhús Reykjanesbæjar við Tjarnargötu í síðustu viku. Gangbrautin var fyrst máluð á þessum stað árið 2021. Það voru ungmenni frá Vinnuskóla Reykjanesbæjar sem sáu um málningavinnuna og nutu aðstoðar bæjarfulltrúanna Halldóru Friðu Þorvaldsdóttur og Guðnýjar Birnu Guðmundsdóttur. Í Suðurnesjabæ var risastór regnbogafáni málaður á götuna við Vörðuna í Sandgerði. Þar naut Magnús Stefánsson bæjarsjóri aðstoðar annars starfsfólks bæjarins við málningavinnuna. VF/Hilmar Bragi

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM



Reykjanes Optikk



**30%**

Ljósanæturafsláttur af allri vöru.

Gildir til 7. september.

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10–18  
LOKAÐ LAUGARDAGA.

Tímamantanir í síma 420-0077 og á [www.reykjanesoptikk.is](http://www.reykjanesoptikk.is)

Allt hreint  
Umhverfissvottuð ræstingartjónusta

HREINSUM  
RIMLAGARDÍNUR OG  
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á [ALLTHREINT.IS](http://ALLTHREINT.IS)

**16** FERÐIR Á DAG  
ALLTAF PLÁSS  
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK  
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

**ARGOFLUTNINGAR.IS**

845 0900 FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

Úrval þátta og innslaga á [vf.is](http://vf.is)

SUÐURNESJA  
**magasín**



Á meðfylgjandi mynd má sjá yfir hluta athafnasvæðisins við Flugvelli. VF/Hilmar Bragi

## Mikil uppbygging við Flugvelli

Mikil uppbygging hefur verið á Flugvöllum í Reykjanesbæ undanfarin misseri og eftir lægð í kjölfar kórónuveirufaraldursins. Fjöldmörg fyrirtæki eru að koma sér þar fyrir.

„Það eru í raun allar lóðir farnar sem við höfðum til úthlutunar. Það eru tvær lóðir sem við höfum ekki úthlutað en þær eru undir knattspyrnuæfingarvelli- inum ofan við Íðavelli, en þær fara ekki í úthlutun fyrr en völlurinn verður aflagður.“ segir Guðlaugur Helgi

Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfissviðs Reykjanesbæjar. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær þeim lóðum verður úthlutað.

Fyrirtækin á Flugvöllum eru flest í ferðaþjónustutengdri starfsemi og í þjónustu við bíla. Þar er líka að finna hleðslustöðvar, eldsneytisstöð, smurstöð og dekkjaverkstæði. Þá eru Brunavarnir Suðurnesja með slökkvistöð við Flugvelli, svo eitthvað sé nefnt.



Frá malbikun á Hringbraut og Aðalgötu í Keflavík í síðustu viku. VF/Hilmar Bragi

## Vantar meira fé til að viðhalda gatnakerfinu í Reykjanesbæ

Nýtt malbik hefur verið lagt yfir um sex kílómetra af götum Reykjanesbæjar í sumar. Götur eru ekki einungis metnar úr frá hjólförum eða sjón, heldur ástand yfirborðs. Þegar farnar eru að myndast sprungur í yfirborðið er sutt í að götur hreinlega eyðileggist sem veldur mun meiri kostnaði við viðhald.

„Sumsstaðar erum við einnig að fræsa upp eldra malbik þar sem þess er þörf. Við höfum haft um 120 milljónir í yfirlagnir á ári en það dugir enganvegin til að halda við vegakerfinu svo vel sé. Við erum klárir með yfirlagnapakka

upp á annað eins, sex til sjö kílómetra, en þurfum að meta stöðu fjármagns nú í haust hvort við komumst í meira í ár,“ segir Guðlaugur Helgi Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfissviðs Reykjanesbæjar.

Gatnakerfi Reykjanesbæjar er um 160 km og fer stækkandi. „Við þyrftum að komast yfir um 15 til 20 kílómetra á ári svo vel sé til að viðhalda götum bæjarins. Mjög misjafnt er hver líftími yfirborðs gatna er, en það fer eftir umferð og álagi. Við höfum reynt að forgangsraða götum eins og kostur er og oft þarf að bíða með yfirlagnir á götum sem nauðsynlegt er að fara í þar sem þörf er á að skipta út fráveitulögnum áður en farið er í yfirlagnir. Við höfum einmitt farið í stóráttak undanfarin ár að mynda lagnir, fóðra þær ef þess er kostur en í versta falli fara þær á útskipti- lista og þá þarf að bíða með yfirlangir á þeim götum,“ segir Guðlaugur Helgi.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR RAGNAR ÓLAFSSON**  
Skipastíg 8, Grindavík

lést á Hrafnistu Hlévangi, laugardaginn 10. ágúst.

Útförin fer fram frá Keflavíkirkirkju, föstudaginn 16. ágúst klukkan 12.

Ágústa Kristín Guðmundsdóttir Snorri Viðar Kristinsson  
Guðný Sigurðardóttir Sigþór Gunnar Sigþórsson  
Magnús Ólafur Sigurðsson Berglind Haraldsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.





# Rétt lyf á réttum tíma

Evondos lyfjaskammtarinn er byltingarkennd velferðartækni sem styður enn frekar við sjálfstæða búsetu fólks í heimahúsum, bætir gæði heimaþjónustu, eykur skilvirkni og tryggir einstaklingum örugga og rétta lyfjagjöf á tilsettum tíma.

Velferðartækni Icepharma er leiðandi í mótun heilsu- og velferðarsamfélags framtíðarinnar. Við bjóðum margvíslegar lausnir fyrir þig og þína nánustu.



**velferdartaekni.is**  
**540 8000**



## Þórkatla langt komin með kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík

Fasteignafélagið Þórkatla hefur gengið frá kaupum á 852 fasteignum í Grindavík eða 93% þeirra sem sótt hafa um. Afhendingar hafa gengið vel og hefur félagið þegar tekið við um 650 eignum. Unnið er að lokauppgjöri við seljendur og frágangi afsala. Félaginu hafa alls borist 917 umsóknir, auk 18 umsókna frá búseturéttarhöfum.

Heildarfjárfesting félagsins til þessa er rúmir 65 milljarðar króna. Þar ef eru kaupsamnings- og afsalsgreiðslur tæpir 45 ma. kr. og yfirtekin húsnæðislán rúmir 20 ma. kr.

„Það er ánægjulegt að okkur hefur nú þegar tekist að koma rúmlega 850 fjölskyldum í Grindavík til hjálpar í þessum erfiðu aðstæðum. Fram undan er vissulega ákveðin biðstaða en við vonum að náttúruöflin verði okkur að lokum hliðholl svo huga megi að framtíð og uppbyggingu Grindavíkur fljótlega aftur,“ segir Örn Viðar Skúlason, framkvæmdastjóri Fasteignafélagsins Þórkötlu.

### Hollvinasamningur um afnot af húsum verður í boði þegar aðstæður leyfa

Fasteignafélagið Þórkatla hyggst bjóða fyrrum eigendum húsnæðis í Grindavík upp á bæði leigusamninga og svokallaða hollvinasamninga, en forsenda þeirra er þó að öruggt sé talið að dvelja í Grindavík. Hollvinasamningur mun byggja á samstarfi Þórkötlu við seljendur eignanna um umhirðu, minniháttar viðhald og almennt eftirlit með eignunum. Ákvörðun um framkvæmd þessara samninga verður tekin um leið og aðstæður leyfa.

### Kaffi Gola búin að opna í Hvalsnesi



Kaffi Góla stendur í fallegu umhverfi Hvalsneskirkju. VF/Hilmar Bragi

# Fullt út úr dyrum allan daginn

„Við opnuðum á laugardaginn kl. 12 og má segja að fullt hafi verið út úr dyrum allan daginn. Ekki skemmdi fyrir að bjóða upp á ljúfa tóna á opnunardeginum en við eigum eftir að halda almennilegt opnun- arhóf,“ segir Magnea Tómasdóttir, ein fjögurra systra sem ættaðar eru frá Hvalsnesi. Þær systur hafa opnað kaffihúsið Kaffi Golu og byrjunin lofar góðu.

Magnea segir að löng hefð sé fyrir því að taka á móti gestum í Hvalsnesi og eins hefur tónleikaröðin Tónar í Hvalsneskirkju farið þar fram undanfarin ár.

„Við erum ættaðar héðan og þessi hugmynd kviknaði, að byggja kaffihús á grunni gamla fjóssins og hlöðunnar sem hér var, og ákváðum að það myndi heita Gola. Það hefur alltaf mikill fjöldi gesta komið að Hvalsnesi enda er aðdráttarafli kirkjunnar og staðarins í heild sinni mikið og því teljum við góðan grundvöll fyrir að reka hér kaffihús. Við opnuðum á laugardaginn kl. 12, vorum bara með einfaldar veitingar, kökur, vöflur og rækjubrauð, allt sem við gerðum frá grunni, það eina sem vantaði að við hefðum veitt laxinn sjálfar. Við erum að þróa matseðilinn en ég get þó gefið út að við munum alltaf vera með sjávarréttasúpu á boðstólnum. Það var mjög góð mæting alla helgina og ekki skemmdi fyrir að fá saxó-



Séð inn í nýja kaffihúsið á Hvalsnesi. VF/Hilmar Bragi

fónleikarann Óskar Guðjónsson ásamt færeyskum vinum sínum til að halda tónleika inni hjá okkur, það var góður góður andi í salnum á meðan tónarnir ómuðu og á ég ekki von á öðru en sá andi muni haldast um ókomna tíð. Venjulega eru tónleikar haldnir í kirkjunni en

þá verður gott fyrir tónleikagesti að koma við hjá okkur áður og fá sér hressingu. Við munum vera með opið frá 9-17 alla daga, viljum geta boðið aðilum upp á að leigja salinn eftir klukkan fimm en hægt er að halda alls kyns viðburði hjá okkur,“ sagði Magnea að lokum.



Svæðið þar sem flóð geta m.a. haft áhrif. VF/Hilmar Bragi

## Íbúðarhús og hverfi í Grindavík í hættu vegna mögulegra flóða

### Hækka varnargarða og land innan hafnar um einn til tvo metra

Landsig hefur orðið við höfnina í Grindavík og eru hæðarbreytingar um hálfur til einn metri. Til að flóðahætta verði ekki meiri en fyrir jarðhræringar þarf að hækka sjóvarnir um tvöfalda þá hæðarbreytingu. Aðgerðin er nauðsynleg til að verja fiskvinnslur, fiskmarkaðinn og önnur hús við Miðgarð. Þetta kemur fram í aðgerðaáætlun vegna viðgerða á innviðum innan þéttbýlis í Grindavík sem framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ, Grindavíkurnefndin, hefur lagt fram.

Íbúðarhús, sem nú eru að nokkrum hluta í eigu Fasteignafélagsins Þórkötlu ehf. og hverfi gætu verið í hættu ef flóð verður mikið, s.s. við Verbraut og Lautina.

Vegagerðin hefur metið nauðsynlegar framkvæmdir og greint kostnað við þær.

Flóðvörnin vestan við nýja vestari brimgarðinn er um 385

metrar að lengd og um einn til tveir metrar að hæð. Miðað er við að hækka þurfi grjótvörðina á þeim kafla um einn til tvo metra.

Innan hafnar þarf að hækka landið um einn til tvo metra og ganga frá grjótflosum milli Kvíabryggju og Norðurgarðs annars vegar og Norðurgarðs og Miðgarðs hins vegar.

Tímarammi er einn mánuður og kostnaður 40 milljónir króna.

## Ekki unnið að framkvæmdum á meðan frekari jarðhræringar eru yfirvofandi

Aðgerðir sem framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ hefur kynnt eru háðar náttúruöflunum og ekki er unnið að framkvæmdum á meðan frekari jarðhræringar eru yfirvofandi líkt og nú. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Grindavíkurnefndinni. Sett hefur verið á laggirnar sérstakt framkvæmdateymi sem vinnur nú að undirbúningi verksins og mun hafa umsjón með framkvæmdum þegar þær geta hafist.

Framkvæmdanefndin hefur kynnt aðgerðaáætlun vegna viðgerða á innviðum innan þéttbýlis Grindavíkur. Aðgerðirnar miða að því að tryggja virkni og öryggi innviða, þar á meðal á gatnakerfi, lögnum og opnum svæðum, segir í tilkynningu.

### Helstu atriði áætlunarinnar

**Viðgerðir á innviðum:** Viðgerðir á gatnakerfi, lögnum og öðrum sam-



gönguleiðum þar sem eru sýnilegar sprungur, þ.m.t. mótvægisadgerðir vegna flóðahættu við byggingar vestan við höfnina.

**Jarðkönnun:** Framhald jarðkönnunar til að meta ástand jarðvegs og tryggja öryggi.

**Áhættumat:** Gerð áhættumats í samvinnu við ríkislögreglustjóra og Almannaávarnir.

Mannheldar girðingar við sprungu sveima og önnur óörugg svæði

**Kostnaðarskipting:** Heildarkostnaður vegna þessara aðgerða er áætlaður 470 m.kr., þar af greiðir ríkið 440 m.kr. og Grindavíkurbær 30 m.kr.

Aðgerðirnar eru mikilvægar til að stuðla að öflugri atvinnulífi og öruggu samfélagi í Grindavíkurbæ eftir því sem aðstæður leyfa. Að jafnaði er unnið að margvíslegum umbótum á innviðum í Grindavík. Framkvæmdir miða meðal annars að því að hægt sé að auka aðgengi að bænum.

Í aðgerðaráætluninni kemur fram að hún miðist við núverandi stöðu, þ.e. að eldgos sé ekki í gangi, en verði breytingar þar á muni að sjálfsögðu þurfa að uppfæra áhættumat og þar með einnig framvindu framkvæmda. Þannig eru aðgerðirnar háðar náttúruöflunum og ekki er unnið að framkvæmdum á meðan frekari jarðhræringar eru yfirvofandi líkt og nú. Vegagerðin er verkkaupi/verkeigandi í umboði Grindavíkurnefndar og Grindavíkurbæjar.

# Reiknaðu innkaupin til enda!



1.469 kr. með appinu

Inneign  
30 kr.



841 kr. með appinu

Inneign  
17 kr.



1.571 kr. með appinu

Inneign  
32 kr.



2.509 kr. með appinu

Inneign  
51 kr.

Krossmói  
Opið 9–19

Íðavellir  
Opið 10–21



Betra  
verð  
með  
appinu!



nettó

## NÝBURAR Á SUÐURNESJUM



Stúlka fædd þann 9. ágúst 2024 á ljósmæðravakt Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Þyngd: 3.922 grömm. Lengd: 52 sentimetrar. Foreldrar: Joanna Katarzyna Klimek og Rafal Blazej Muchnicki. Þau eru búsett í Reykjanesbæ. Ljósmodir: Rut Vestmann



Drengur fæddur þann 8. ágúst 2024 á ljósmæðravakt Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Þyngd: 3.684 grömm. Lengd: 51 sentimetrar. Foreldrar: Arnbjörg Hlín Ásgeirsdóttir og Andri Hermannsson. Þau eru búsett í Reykjanesbæ. Ljósmodir: Hugljúf Dan Jensen



Drengur fæddur þann 27. júlí 2024 á ljósmæðravakt Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Þyngd: 3.586 grömm. Lengd: 51 sentimetrar. Foreldrar: Viktoría Roshka og Soliviov Denis Olegovich. Þau eru búsett í Reykjanesbæ. Ljósmodir: Telma Ýr Sigurðardóttir



Stúlka fædd þann 5. ágúst 2024 á ljósmæðravakt Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Þyngd: 4.234 grömm. Lengd: 51 sentimetrar. Foreldrar: Alexandra Högnadóttir og Davíð Birgisson. Þau eru búsett í Reykjanesbæ. Ljósmodir: Agla Bettý Andrésdóttir.



Drengur fæddur þann 30. júlí 2024 á ljósmæðravakt Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Þyngd: 4.162 grömm. Lengd: 53,5 sentimetrar. Foreldrar: Aleksandra Wasilewska og Bjarki Jóhannsson. Þau eru búsett í Reykjanesbæ. Ljósmodir: Guðlaug María Sigurðardóttir



Drengur fæddur þann 25. júlí 2024 á ljósmæðravakt Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Þyngd: 3784 grömm. Lengd: 51 sentimetrar. Foreldrar: Arndís Sif Birgisdóttir og Svanur Karlsson. Þau eru búsett í Reykjanesbæ. Ljósmodir: Agla Bettý Andrésdóttir



## Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga



F-35 þota kemur til landingar á Keflavíkflugvelli á dögunum. VF/Hilmar Bragi

## Bresk flugsveit með fjórar F-35 á Keflavíkflugvelli

Bresk flugsveit er komin til landsins til að sinna loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins. Flugsveitin samanstendur af fjórum F-35 orrustubotum og 180 liðsmönnum. Sveitin tekur þátt í verkefninu ásamt starfsmönnum stjórnstöðva Atlantshafsbandalagsins í Uedem í Þýskalandi og á öryggissvæðinu á Keflavíkflugvelli.

Framkvæmd verkefnisins verður með sama fyrirkomulagi og undanfarin ár og í samræmi við loftrým-

isgæsluáætlun Atlantshafsbandalagsins fyrir Ísland.

Flugsveitin hefur aðsetur á öryggissvæðinu á Keflavíkflugvelli ásamt flugsveitum aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins sem sinna kaþbátæfirliti á Norður Atlantshafinu.

Varnarmálasvið Landhelgisgæslu Íslands annast framkvæmd verkefnisins, í umboði utanríkisráðuneytisins, í samstarfi við Isavia.

Ráðgert er að loftrýmisgæslunni ljúki í byrjun september.



Þotur Play bíða meðan F-35 þotan lendir til vesturs. VF/Hilmar Bragi

## Gefa ætti færaveiðar í ufsa frjálssar

## AFLAFRÉTTIR

Gisli Reynisson  
gisli@aflafrettir.is



Ágúst mánuður farinn af stað og það þýðir tvennt. Ég á afmæli og þetta er síðasti mánuður fiskveiðisársins 2023-2024.

Þó svo fiskveiðiárið sé að verða búið þá standa eftir um 9500 tonn óveidd af þorski en heildarkvótinn var um 169 þúsund tonn. Ýskvótinn er svo til að verða búinn en kvótinn var um 63 þúsund tonn og óveidd eru 895 tonn. Síðan er það ufsakvótinn. Hann var mjög stór eða um 69 þúsund tonn. Það sem vekur athygli er að mjög mikið er óveitt af ufsanum eða 38 þúsund tonn og stór hluti af þessu mun brenna inni og verða óveiddur þegar að nýtt kvótaár tekur gildi 1. september.

Eftir að strandveiðarnar voru stöðvaðar þann 16. júlí síðastliðinn hafa nokkrir færabátar farið á veiðar og verið þá að mestu að elta við ufsann. Í raun og veru þá ætti að gefa færaveiðar á ufsa frjálssar því þessi 38 þúsund tonn af ufsa sem eftir eru mun aldrei nást að veiða á þessum nitján dögum sem eftir eru af ágúst.

Talandi um færabátanna þá skulum við aðeins líta á þá það sem af er ágúst. Hafdalur GK hefur farið í fjóra róðra og landað 4,3 tonnum og mest 1,7 tonni. Af þessum afla er 4,1 tonn af ufsa. Líf NS var með 1,4 tonn í einni löndun og var ufsi af því 1,3 tonn. Hrappur GK var með 791 kíló í einni löndun og Kristbjörg KE 1,7 tonn sömleiddis. Kristbjörg KE er nýr bátur



sem var keyptur til Keflavíkur fyrir tæpu ári síðan. Þessi bátur kemur frá Ólafsvík og hét þar Geisli SH og var gerður út þaðan í tíu ár.

Dragnótabáturinn Siggí Bjarna GK hefur hafið veiðar og landaði 12,5 tonnum í tveimur róðrum. Mikið blandaður afli hjá honum, uppistaðan ýsa 2,1 tonn, þorskur 1,6 tonn og sólkoli 1,5 tonn.

Enn sem komið er þá er enginn línubátur á veiðum frá Suðurnesjunum, allir Stakkavíkurbátarnir nema Katrín GK, sem liggur í Sandgerðishöfn, eru komnir norður, og flestir þá til Skagastrandar. Þar er t.d. Óli á Stað GK sem er með 25,3 tonn í fjórum róðrum, Gulltoppur GK 17,2 tonn í fjórum, Hópsnes GK 9,3 tonn í fjórum og Geirfugl GK með 5,6 tonn í tveimur.

Margrét GK er á Hólmavík og hefur landað þar 34 tonnum í sex róðrum. Margrét GK er að veiða byggðakvóta sem kom í hlut Hólmavíkur og er aflinn unnin á Hólmavík. Einhamarsbátarnir sem allir réru í júlí og voru þá á Austur-

landinu hafa ekkert landað það sem af er ágúst.

Af togurum er frekar lítið að fréttu. Jóhanna Gísladóttir GK hóf veiðar fyrir stuttu síðan eftir sumarfrí og kom til Grundarfjarðar með 44 tonna afla. Mest af því var þorskur, 17,5 tonn og ýsa 12 tonn. Áskell ÞH kom með 90 tonn til Grundarfjarðar og Vörður ÞH kom þangað líka með 95 tonna afla. Var þetta fyrsta löndun Gjögurstoganna síðan í enda júní, því togarnir voru stöpp í tæpa tvo mánuði.

Hjá Nesfisk þá hefur Pálína Þórunn GK ekkert landað síðan snemma í júlí og Sóley Sigurjóns GK, sem var á rækjuveiðum, hefur ekkert landað síðan seint í júlí. Baldvin Njálsson GK kom með 829 tonn af nokkuð blönduðum afla en langmest var af ýsu í aflanum eða 592 tonn, 149 tonn af þorski. Ef miðað er við sama meðalverð og Baldvin Njálsson GK var með árið 2023, þá má áætla að aflaverðmætið hafi verið um 380 milljónir króna.



# EINFÖLD HEYRNARMÆLING

**þér að kostnaðarlausu í Lyfju Reykjanesbæ**

Komdu í einfalda heyrnarmælingu þér að kostnaðarlausu 20. eða 21. ágúst kl. 10–16 í Lyfju. Brynja Bjarnfjörð Magnúsdóttir heyrnartæknir hjá Lyfju Heyrn tekur vel á móti þér.

Vinsamlega pantaðu tíma á lyfjaheyrn.is eða í gegnum QR kóðann. Beindu myndavélinni í símanum að kóðanum og smelltu á linkinn sem birtist á skjánum. Þá lendir þú á Noona bókunarkerfinu og getur pantað tíma sem hentar. Öll velkomin!



Njarðvíkingurinn Elín Ólafsdóttir hefur starfað á öllum Ólympíuleikum frá árinu 2010. Talar reiprennandi fjögur tungumál.

# Sér um að sjónvarpsupptökur frá Ólympíuleikunum gangi fullkomlega upp

„Mitt starf snýst um að allir sem koma að sjónvarpsupptökum geti sinnt sínu starfi sem best,“ segir Njarðvíkingurinn Elín Ólafsdóttir en hún hefur verið í vinnu fyrir alþjóðlega Ólympíusambandið í fimmtán ár. Hún hefur verið búsett á Spáni í tæp tuttugu ár, er gift Spánverja og á með honum fjögur börn. Hún hefur verið í París síðan í júní og verður þar fram í september með viku fríi á milli Ólympíuleikanna sem nú er nýlokið, og Ólympíuleika fatlaðra sem taka alltaf við í kjölfarið.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is

Ella eins og hún er kölluð, vinnur sem verkefnastýra við að sjá um allt sem viðkemur „broadcasting“ eða sjónvarpsútsendingum.

„Mitt starf snýst um að láta allt ganga upp sem viðkemur sjónvarpsupptökunum, allt frá því að redda öllum gistingu, fæði, fari á milli staða og í raun allt milli himins og jarðar. Við erum 300 sem vinnum allan ársins hring hjá fyrirtækinu en í París eru um átta þúsund starfsmenn og það þarf að koma þeim öllum fyrir. Inni í þessari tölu er fólk úr ótal starfsstéttum, sjónvarpsupptökufólk, kokkar, túlkar, hljóðverkfræðingar og svona gæti ég lengi haldið áfram. Allir þessir aðilar þurfa að

geta sinnt sínu starfi og mitt starf snýst um að auðvelda þeim það.

**Hvað þarf manneskja að hafa til brunns að bera til að komast í þetta spennandi starf?**

„Ég lærði ferðamálafræði og svo innanhússarkitekt en minn styrkur liggur í því að geta talað reiprennandi fjögur tungumál. Ég sótti einfaldlega um þetta starf á sínum tíma því mér fannst þetta spennandi og hreppi hnossið, byrjaði sem tæknitegnari í verkfræðideild en ég hef alltaf haft áhuga á viðburðastjórnun og komst í starfið sem ég er í í dag. Þetta er búinn að vera mjög skemmtilegur tími og ég hef komið til ótal landa, mínir fyrstu Ólympíuleikar voru vetrarleikarnir í Vancouver árið 2010 og ég hef komið á alla leika sem hafa verið haldnir síðan. Ég dvel um tvo til fjóra mánuði á hverjum stað á

meðan leikunum stendur og ég held að mér sé óhætt að segja að vinnan mín sé fjölbreytt, það koma upp ótal mál sem þarf að leysa og ég nýt min til hins ytrasta í þessu starfi,“ segir Ella.

**Hvernig nær Elín að halda tengslum við Reykjanesbæ og Ísland?**

„Ég reyni að koma sem oftast heim, einu sinni á ári hið minnsta, ég er alltaf með heimþrá í íslenska loftið, kyrrðina og auðvitað samveru með fjölskyldu og vinum sem ég sakna mikið. Mér finnst mjög mikilvægt að börnin mín hafi sterka tengingu við Ísland og meðal annars var ein af dætrum mínum eina önn í 4. bekk í Njarðvíkurskóla og bjó á meðan hjá ömmu sinni og afa. Henni var mjög vel tekið í Njarðvíkurskóla og vildi hún helst vera lengur. Hún er enn að tala um hversu góður skólamaðurinn hefði verið. Svo erum við dugleg að fá heimsóknir frá Íslandi til okkar í Madrid. Rætur okkar eru nokkuð kyrrfilega fastar á Spáni svo ég á ekki von á öðru en við munum búa þar áfram en þó veit maður auðvitað aldrei,“ sagði Ella að lokum.



Frá vinstri, eiginmaðurinn Jorge, dóttirin Nora og sonurinn Aron, á Roland Garros tennissvælinum í París.



Elín Ólafsdóttir með Effeltturninn í baksýn og í vinnunni að ofan.



Ella með dætrunum Soniu Briet og Noru við Ólympíuleikunum.





**NÝTT LITAKORT  
FRÁ JÓHÖNNU**

#NÚGGAT



Birt með fyrirvara um prentvillur og/óða myndabrengl.

**25%**

**AFSLÁTTUR AF  
INNIMÁLNINGU  
OG INNILÖKKUM**



# MÁLNINGAR- DAGAR

Vnr. 8662010



**NÚNA -25%**  
**2.846**  
3.795



**KÓPAL 10 INNIMÁLNING**

1L

Vatnsþynnanleg lyktarlaus plastmálning sem hylur einstaklega vel og ýrist lítið við rúllun. Kópal 10 er sérlega hentug í herbergi þar sem óskað er hálfmattrar áferðar.

Vnr. 8662040



**NÚNA -25%**  
**7.349**  
9.795



**KÓPAL 40 INNIMÁLNING**

4L

Vatnsþynnanleg lyktarlaus plastmálning sem hylur einstaklega vel og ýrist lítið við rúllun. Kópal 10 er sérlega hentug í herbergi þar sem óskað er hálfmattrar áferðar.

Vnr. 80602709



**NÚNA -25%**  
**5.247**  
6.995



**INNIMÁLNING 10 BASE**

2,7L

Lyktarlítill vatnsþynnanleg akrýlínimálning. Þekur vel og gefur slitsterkt yfirborð sem auðvelt er að þrifa. Notast á flest alla fleti innandyra t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

Vnr. 86312010



**NÚNA -25%**  
**4.496**  
5.995

**BLÆR 30 SILKIMATT**

1L

Slitsterkt oliulakk með góða þekju, fánlegt bæði í silkimöttu (30%) og háglans (90%). Silkimatta lakkid er hægt að blanda í öllum litum en háglans lakkid er einungis í ljósum litum.

**VALDAR VÖRUR**

**40-70%**  
**AFSLÁTTUR**

**MARKAÐSDAGAR**

Komdu og  
gramsaðu

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN



RÓBERT FREYR INGVAASON

# Semur lög sem rata út fyrir land- steinana

„Það er góð tilfinning að vita af því að verið sé að fjalla um lagið manns á miðlum úti í heimi,“ segir Róbert Freyr Ingvason, ungur og efnilegur tónlistarmaður sem hefur búið í Njarðvík síðan 2012. Eftir að hafa mest verið að pródúsera og semja fyrir aðra, auk þess að hanna umslög sem grafískur hönnuður, gaf hann út eigið lag sem rataði út fyrir landsteinana og nýlega hóf hann samstarf við njarðvíska söngvarann Elvar Þór Magnússon. Þeir hafa nýlega gefið út tvö lög og þar sem nóg er til af efnivið er líklegt að þessi dúett eigi eftir að láta mikið að sér kveða í framtíðinni.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is

Róbert segir að tónlistin flokkist undir raftónlist sem blandast við soul, popp og r&b en eftir að hafa prófað að rappa og snert á öðrum tónlistarstefnum, telur hann sig vera búinn að finna sína fjöl.

„Ég byrjaði ungur að fíkta í tónlist, lærði sjálfur á gítar, píanó og

trommur og um ferminu var ég farinn að taka upp sjálfur heima hjá mér, innréttaði herbergið með dýnum og eggjabökkum til að ná góðum hljómgæðum. Ég á mjög góða tölvu og hljóðkort, það er magnað hve góðum hljómburði hægt er að ná heima hjá sér en ég hef alltaf haft gott tóneyra, ég heyrir tónlistina fyrir mér og á mikið af efni í tölvunni minni. Ég var mest að pródúsera og semja fyrir aðra en

„Það að komast á  
playlista hjá Spotify  
er ekki einfalt mál,  
maður þarf að láta  
vita af laginu áður  
en það kemur út og  
fylgja því eftir“

vinir mínir hvöttu mig til að gera meira við alla þessa tónlist sem ég hef verið að leika mér með í ansi langan tíma. Fyrst gaf ég út lagið *Moon* og það rataði inn á erlenda playlista og fékk umfjöllun, það veitti mér mikinn meðbyr, það var góð tilfinning að vita að fólk úti í heimi væri að hlusta á tónlistina mína og fjalla um hana.

Ég kynntist Elvari Þór þegar við unnum saman uppi á flugvelli og með okkur tókust góð kynni. Við misstum mæður okkar á svipuðum tíma og það tengdi okkur saman og fljótlega sáum við að við gætum átt samleið í tónlistinni því hann er frábær söngvari. Ég var búinn að gefa út þetta lag mitt, *Moon* og við ákváðum að prófa að gera tónlist saman. Þetta var athyglisvert, ég fékk hann til að koma til mín og syngja bara eitthvað yfir litla tónlistarbúta sem ég hafði samið og það kom mjög vel út. Ég raðaði nokkrum svona bútum saman og úr varð lag í fullri lengd, *Skart*. Þar

sem þetta lag gekk vel hjá okkur þá munum við pottþétt vinna meira saman og ég hlakka til samstarfsins við hann.“

Eins og áður sagði rataði lag Róberts, *Moon*, inn á playlista Spotify út um allan heim og m.a. var brasilískur bloggari sem fjallaði um tónlistina. Lagið er instrumental, þ.e. enginn söngur er en í lagi félaganna, *Skart*, kemur söngur og það sem kannski sker lagið frá öðrum í þessum geira er dýpri texti. Það verður fróðlegt að sjá hversu langt það lag nær en hvernig kom það til að *Moon* rataði á playlista úti í heimi?

„Við viljum semja texta sem eru dýpri og hafa meiri meiningu en normið kannski er í raftónlistar-senunni, ég hlakka til að sjá viðbrögðin. Ég hef fengið mikið af jákvæðum skilaboðum í gegnum Instagram-reikninginn minn og það er auðvitað mjög ánægjulegt. Það að komast á playlista hjá Spotify er ekki einfalt mál, maður þarf

að láta vita af laginu áður en það kemur út og fylgja því eftir og t.d. hafði blaðamaður á virtu tónlistar-tímariti samband við mig. Hann kunnir að meta *Moon* og skrifaði um það og eftir það fékk ég fleiri skilaboðasendingar og á endanum komst lagið á playlista sem tugir þúsunda út um allan heim eru að hlusta á. Spotify er ótrúlega öflugur miðill og ef maður kann á hann getur maður komið tónlist sinni á framfæri en það þarf að hafa fyrir því. Það eru mjög margir að gefa út tónlist í dag en það er ekki nóg að hlaða laginu inn á Spotify, maður þarf að vinna fyrir því að lagið veki athygli. Mér hefur gengið vel hingað til og tel að þegar maður er búinn að koma einu lagi í spilun, opnast dyr og auðveldara verði að ná því næsta inn en auðvitað þarf tónlistin að vera góð. Ég á mikið af efni sem ég hlakka til að vinna betur, m.a. með Elvari. Það verður spennandi að sjá hversu langt við náum,“ sagði Róbert Freyr að lokum.



Elvar Þór Magnússon

## Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Fjármála- og stjórnsýsluvið - Skjalastjóri

Íþróttamannvirki Reykjanesbæjar - Starfsmaður íþróttamannvirkja í Akurskóla

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



REYKJANESBÆR  
Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS



JAFNALANAVOTTUN  
2023 - 2026

# VELKOMIN

*A4 opnar nýja verslun  
Hafnargötu 27a, Reykjanesbæ*

# 20% AFSLÁTTUR

*af öllum vörum, til 19. ágúst\**

\*tilboðið gildir aðeins í Reykjanesbæ

# A4+

## Fjöllistamaðurinn Pálmar frá Grindavík með verk á sýningunni Átthagamáilverkið



*Margt af því sem mér þótti svo vænt um í bænum er horfið*

Grindvíkingurinn Pálmar Örn Guðmundsson er ekki við eina fjölinna felldur, það mætti halda því fram að hann sé fjöllistamaður en hann malar myndir, semur lög, kennir og dansar salsa og fæst líka við kvikmyndalistina svo það helsta sé nefnt. Hann segist fá mesta hrósið fyrir myndlistina en hann varð þess heiðurs aðnjótandi á dögnum að fá að taka þátt í myndlistarsýningu á Kjarvalsstöðum sem ber heitið Átthagamáilverkið en sýningin samanstendur af 100 málverkum af stöðum víðs vegar af Íslandi. Auk þess verður hann með sýningu í Ráðhúsinu í Reykjavík á Menningarnótt.

Haft var samband við Pálmar vegna sýningarinnar og þó svo að hann uppfyllti ekki skilyrði um að vera málari af tuttugustu öldinni, gerðu þeir undantekningu og buðu honum að vera með, kannski ekki síst vegna athyglinnar sem Grindavík hefur hlotið að undanfögnu.

„Þau höfðu ákveðna mynd eftir mig í huga en það var mynd sem ég málaði eftir pöntun Grindvíkingssins Hallgríms Hjálmarssonar árið 2022. Mér þykir mjög vænt um þetta málverk því ég ólst upp og lék mér á þessu svæði sem Hallgrímur vildi láta mig mála myndina eftir. Í dag er þetta svæði mikið breytt vegna jarðhræringanna, eyjarnar sem sjást eru líklega komnar undir vatn því landið seig mjög mikið þarna og vatnsstæðið því orðið miklu stærra. Eins eru komnir varnargarðar þarna nálægt svo breytingin er mjög mikil og minnstu munaði að þetta svæði færi undir hraun í síðasta eldgosu, varnargarðarnir skiluðu heldur betur sínu þá.“

Það var kannski pínulítið skondið að ég á auðvitað ekki myndina lengur heldur Hallgrímur svo ég þurfti að sjálfsögðu að fá hans leyfi fyrir að málverka mætti vera á sýningunni. Ég sendi á hann og loksins svaraði hann, ekkert mál að fá myndina lánaða svo ég sagði forsvarsfólki Listasafns Reykjavíkur að eigandinn hefði samþykkt og þau sögðust þá setja sig í samband við hann. Þegar sýningin var að bresta á og þau ekki búin að ná á Hallgrím, varð uppi fótur og fit en sem betur fer náði ég í Grétu systur hans og þá loksins komst hreyfing á málið og myndin skilaði sér á sýninguna. Ég mæli eindregið með þessari sýningu, þarna eru 100 verk frá hinum ýmsu stöðum á Íslandi og verður sýningin opin til 6. október 2024.

Ég er ekki með nákvæma tölu yfir fjölda þeirra mynda sem ég hef málað en gæti trúað að þau séu orðin u.þ.b. 100 og líklega er um helmingur myndanna frá Grindavík. Ég hef fengið nokkrar beiðnir um að mála ákveðna staði og reyni að sinna öllum þeim beiðnum sem mér berast. Ég er búinn að vera vinna í verki núna

í eitt og hálf ár og viðurkenni fúslega að ég er orðinn þínu þreyttur á því og það verður gott að klára það.“

### 40 lög á 40 vikum

Pálmar hefur lengi spilað á gítar og sungið og kemur reglulega fram sem trúbador. Snemma var hann farinn að semja lög, átti til að mynda vinsælt jólalag á sínum tíma, *Hvenær fáum við jólasnjóinn*, og þegar hann varð fertugur fyrir fjórum árum, fékk hann þá brjálæðislegu hugmynd að taka upp lög eftir sig og gefa út 40 lög á 40 vikum.

„Ég fæ oft hugmyndir og reyni að vinna úr þeim og búa eitthvað til út frá þeim. Það má segja að þetta beri allt að sama brunni, sama hvað listgrein á í hlut, maður fær hugmynd og vinnur svo út frá henni. Þetta með að taka upp og gefa út 40 lög á 40 vikum var ein þessara hugmynda og ég er stoltur af því að hafa klárað verkefnið en viðurkenni að í lokin var ég feginn að þetta væri búíð. Þarna inn á milli eru að mínu mati hin finustu lög. Ef þú spyrð mig í hvaða listgrein ég sé mest á heimavelli, á ég ekki svo auðvelt með að gera upp á milli. Ég fæ líklega mesta hrósið fyrir myndlistina en mér finnst afskaplega gaman að semja lög. Ég er nýbúinn að semja tvö lög, annað þeirra um Grindavík og þennan breytta veruleika okkar, hitt heitir Eitt stau og er svona partýlag, en ég hef fengið frábær viðbrögð við þeim. Löggin eru bæði á Spotify undir Pálmar. Ég er mikið að koma fram sem trúbador og það líður varla sú helgi að ég sé ekki bókaður í eitthvað gigg. Mér þykir ofboðslega gaman að skemmta fólki,“ segir Pálmar

### Salsastöðin og unglingsþjálfun

Pálmar hefur lengi verið áhugamaður um dans og þá aðallega salsadans. Hann þykir góður danskennari og hafði verið að kenna hjá Salsa Iceland. Þegar ákveðið var að hætta með byrjendakennslu paradans sá Pálmar þar tækifæri.

„Ég hef lengi verið að kenna salsa og þá aðallega paradans, þegar



Salsa Iceland ákvað að gera breytingar á sínum námskeiðum ákvað ég að taka við keflinu að einhverju leyti og stofna minn eigin dansskóla sem ég nefni Salsastöðin, viðbrögðin hafa verið frábær. Ég mun hefja kennslu í haust ásamt tveimur fyrrum samstarfskonum mínum hjá Salsa Iceland og ætla að vanda vel til verka. Heimasíðan salsastodin.com er komin í loftið en þar eru allar helstu upplýsingar um fyrstu námskeiðin. Kennslan mun fara fram í dansstúdíói í Mjóddinni. Ég hugsaði með mér að ég þyrfti að beina hugsunum í jákvæðan farveg eftir erfða tíma vegna Grindavíkur og þetta verkefni hefur hjálpað mér með það. Ég mun hafa nóg fyrir stafni en það er oft besta leiðin til að gleyma leiðindum, einfaldlega að sökkva sér í skemmtileg verkefni. Síðastliðin átján ár hef ég verið að þjálfa börn í fótbolta í Grindavík, ég vil meina að það hjálpi í salsakennslunni, þar er maður að kenna hreyfingar m.a. svo þetta tengist allt. Því miður hefur starfið verið lagt niður en ég hitti krakkana í sumar, Grindavík tefldi fram liði á fótboltamótum t.d. í Vestmannaeyjum með sjötta flokk, það var skemmtilegt að hitta strákana. Mér hafa verið boðnar aðrar þjálfarastöður en fann svo að það yrði skrytið og fannst erfitt að vera með lið á móti börnunum sem ég hef verið að þjálfa undanfarin ár. Hvað verður með unglingsstarf íþróttanna í Grindavík verður bara að koma í ljós en mér finnst ekki ólíklegt að ég muni sækjast eftir þjálfarastarfi í haust. Það gefur mér mjög mikið að kenna krökkum fótbolta og eiga þátt í að búa til góða leikmenn. Margar stelpur í meistaraflokki Grindavíkur tóku fyrstu spörkin á æfingum hjá mér og eins eru nokkrir efnilegir strákar farnir að æfa með meistaraflokknum. Ég er auðvitað ekki að eigna mér allan heiðurinn en ég er



litið þúsl í öllu þúsluspilinu,“ segir Pálmar.

### Skógrækt og sjónvarpsþáttagerð

Það má eflaust segja um Pálmar að hann hafi ekki alltaf bundið bagga sína sömu hnútum og samferðafólkið. Þegar sum börn áttu gæludýr þá átti Pálmar tré í potti, hann hefur lengi verið áhugamaður um skógrækt.

„Alveg frá því að ég man eftir mér hef ég haft áhuga á gróðri. Ég var að rækta vínvið þegar ég var yngri, beið alltaf eftir að það kæmu vínber og þessi áhugi hefur alltaf fylgt mér. Ég gekk í Skógræktarfélag Grindavíkur, var kominn í stjórn og er núverandi formaður en því miður þá hefur mikið af því sem við höfum gert að undanförmu horfið undir hraun, t.d. höfðum við nýtekið við Lions-lundinum og gróðursett þar talsvert af trjám en hann er allur horfinn. Árið 2022 kom svo ein hugmyndin, ég vildi mynda og fjalla um skóga á Íslandi. Árið 2023 ákvað ég að taka þetta föstum tökum og setja inn tvö myndbönd í mánuði. Ég hef náð að standa við það og er þetta allt saman aðgengilegt á Youtube-síðunni minni, Skógurinn. Ég hef lengi haft gaman af myndbandagerð og hef fíktað mig áfram eftir leiðbeiningum á netinu.“

### Óvissa með Grindavík

Hvað varðar framtíðina þá er ég bara bjartsýnn. Ég er að gera spennandi hluti en hvort Grindavík verði hluti af því eða ekki kemur bara í ljós, stór hluti af mér vill ekkert annað en flytja strax til Grindavíkur en þegar ég leiði hugann að því þá er margt af því sem mér þótti svo vænt um í bænum horfið. Unglingsþjálfun hefur verið stór hluti af mér en búíð er að leggja það starf niður


”

Ég hugsaði með mér að ég þyrfti að beina hugsunum í jákvæðan farveg eftir erfða tíma vegna Grindavíkur og þetta verkefni hefur hjálpað mér með það. Ég mun hafa nóg fyrir stafni en það er oft besta leiðin til að gleyma leiðindum, einfaldlega að sökkva sér í skemmtileg verkefni ...

í bili, mikið af þeim trjám sem ég var búinn að gróðursetja eru horfin undir hraun, mamma og pabbi eru flutt frá Grindavík og einnig hjálpaði ég æskuvini að flytja allt út úr sínu húsi sem var dæmt ónýtt og er ólíklegt að hann flytji til baka, svona gæti ég lengi haldið áfram. Þetta eru skrytnir tímar en ég var svo heppinn að vera búinn að kynnast yndislegri konu, Ellen og gat flutt inn á hana í Hafnarfirði þegar hamfarirnar dundu yfir. Eðlilega finnst henni ekki mjög spennandi kostur að flytja til Grindavíkur núna svo við verðum bara að sjá til hvernig málin þróast. Ég er bjartsýnn fyrir framtíðinni,“ sagði Pálmar Örn að lokum.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is



„Ég sótti um í þrjá háskóla í London og komst inn í þá alla. Ég þurfti því að velja á milli þeirra og valdi The Arts Educational eða ArtsEd eins og hann er oftast kallaður. Þaðan mun ég, ef allt gengur upp, útskrifast með BA í leiklist, söng og dansi,“ segir Aron Gauti Kristinsson. Aron hefur getið sér gott orð í söngleikjasenunni á Íslandi og heldur von bráðar til London í nám í listgreininni. Áður en hann heldur af landi brott ætliar hann að halda fjáröflunartónleika í Andrews theater, miðvikudagskvöldið 21. ágúst n.k. klukkan 19:30.

# Á leið í nám í einum fremsta söngleikjaskóla heims

Aron var ekki gamall þegar hann smitaðist af listabakteríunni og má segja að mamma hans hafi verið ákveðinn orlagavaldur.

„Mamma var með, ásamt öðrum, leiklistar- og söngnámskeið í safn- aðarheimilinu í Keflavíkarkirkju sem kallað var *Skapandi starf*. Ég var með í því og heillaðist strax. Síðan skræði ég mig í Danskompaní en eldri systir mín var í skólanum og hafði hún áhrif á ákvörðun mína og síðan má segja að ekki hafi verið aftur snúið. Ég tók m.a. leiklist sem val í Danskompaní og svo lá leið mín í Verzló og þar tók ég þátt í mörgum uppfærslum. Ég hef verið með annan fótinn í Danskompaní allan tímann meðfram

námi. Einnig er ég búinn að kenna leiklist, dans og söng þar svo það má segja að ég sé búinn að vera á kafi í þessu undanfarin ár og þetta nám í London er því kannski rök- rétt framhald hjá mér.“

Þegar Aron var á þriðja ári í Verzló tók hann ásamt öðrum úr Danskompaní, þátt í heimsmeistaramótinu í dansi, Dance World Cup en þetta er næst stærsta íþróttamót í heimi og einungis Ólympíuleikarnir eru með fleiri þátttakendur.

„Þessi keppni, Dance World Cup, er risastór og það var mjög gaman að taka þátt og sömuleiðis var þetta frábær reynsla. Við tókum þátt í forkeppni í febrúar og komumst áfram og úrslitakeppnin var svo í Braga í Portúgal. Okkur gekk ótrúlega vel, tókum nokkur gull og við systkinin fjögur urðum heimsmeistarar með liðinu okkar í söng og dansi. Minn styrkur liggur í söngleikjaatriðum og ég tók dúett með litlu systur minni og tók einnig þátt í stærri hóparatriðum með báðum systurum mínum og eldri systir okkar samdi atriðin svo þetta var sannkallað fjölskylduverkefni má segja. Það er keppt í mörgum aldursflokkum og mörg af stíghæstu atriðunum komast á svokallað galakvöld og keppa þar á móti hvort öðru og okkur tókst líka að vinna þar þrenn verðlaun. Við mættum svo aftur í ár til Prag í Tékklandi vitandi að erfitt yrði að toppa árið á undan en þetta gekk



Lífsmundur Ólafsson

frábærlega og við í Danskompaní náðum m.a. að vinna átta gullverðlaun, nokkur silfur og brons og aftur þrenn galaverðlaun sem er ótrúlegur árangur og sérstaklega ef mið er tekið af hinni margumtöluðu höfðatölu,“ segir Aron.

## Íslenska leikhússenan

Aron hefur fengið tækifæri í stóru íslensku leikhúsunum og tók nýverið þátt í uppfærslu á söngleiknum *Frost*, sem er íslenska útgáfan af hinum geysivinsæla söngleik, *Frozen*. Hann fékk hjálp góðra manna þegar hann ákvað að sækja um í söngleikjanámi í London.

„Það var frábært tækifæri að komast inn í Þjóðleikhúsið, að fá að æfa með öllum fyrirmyndunum mínum þar og sýna svo með þeim aftur og aftur. Ég tók líka þátt í Kardemommubænum í Þjóðleikhúsinu árið 2020 sem var álíka ævintýri. Þetta var frábær reynsla sem ég fékk þarna og á meðan ég var að æfa fyrir *Frost* ákvað ég að fara til London í þrjú fyrir þrjá háskóla sem mér leist vel á og fékk góða aðstoð frá kennurum og vinnufélögum sem allir eru reyndir leikarar, söngvarar og dansarar. Þau hjálpuðu mér að undirbúa mig sem best og greinilega var undirbúningurinn góður því ég fékk inngöngu í alla þrjá skólana. Þetta kom mér skemmtilega á óvart því þessir krakkar úti eru sérstaklega góðir dansarar en greinilega hef ég eitthvað fram að færa líka. Ég ákvað að velja The Arts Educational eða ArtsEd eins og hann er jafnan kallaður en hann er talinn einn af þeim fremstu á sviði söngleikjanáms í heimi. Ég stefni á að útskrifast með BA-gráðu í leiklist, söng og dansi og draumurinn er að hasla mér völl á leiksviði í London. Maður verður að setja markið hátt en ég er líka mjög spenntur að starfa í íslensku leikhúsi.“

## Fjáröflunartónleikar

Námið sem Aron er á leið í er dýrt og því ákvað hann að stökkva á hugmynd vana sinna og efna til fjáröflunartónleika sem haldnir verða í Andrews Theater á Ásbrú miðvikudagskvöldið 21. ágúst kl. 19:30.

„Ég held að mér sé óhætt að segja að ég sé að skipuleggja því- líkt þrumushow. Það kom aldrei neitt annað til greina en að halda þessa tónleika í Andrews Theater. Þar steig ég mín fyrstu spor með Danskompaní, á þaðan margar góðar minningar og mér þykir afskaplega vænt um þetta leikhús. Það munu margir gestasöngvarar koma fram með mér, bæði vinir mínir sem ég hef verið að leika með og atvinnuleikarar og söngvarar úr leikhúsunum. Á meðal gesta eru Bjarni Snæbjörnsson úr Þjóðleikhúsinu og Vala Kristín Eiríksdóttir úr Borgar- og Þjóðleikhúsinu en hún var t.d. að leika Önnu í *Frost*. Viktoría Sigurðardóttir kemur líka en hún hefur leikið í mörgum söngleikjum sem hafa verið settir upp á Íslandi á undanförunum árum. Ég er mjög ánægður með þetta fólk sem ég hef fengið með mér og lofa frábærum tónleikum. Ég verð í átta atriðum og m.a. mun ég taka siguratríðin frá heimsmeistaramótinu með vinum mínum úr Danskompaní en fyrir utan kynni ég hin atriðin og blanda geði við áhorfendurna. Ég hlakka mikið til, er svo spenntur að mig kitlar í lófana og vonast auðvitað til að sjá sem flesta mæta og eiga með mér þessa kvöldstund. Ég lofa frábærri sýningu,“ sagði Aron Gauti að lokum.

Tónleikarnir bera heitið **“Bless í bili”** og er miðasala á tix.is.

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson  
sigurbjorn@vf.is



## Messað við Prestvörðu í Leiru

Á þriðja tug göngugarpa tók þátt í útimessu við Prestvörðuna í Leiru á sunnudagskvöld. Hópurinn lagði upp frá golfskólanum í Leiru og gekk um 600 metra upp í heidina, þar sem vörðuna er að finna. Særa Sigurður Grétar Sigurðsson, sóknarprestur í Útskálaprestakalli, sá um messuna og var með gítar í för. Messugestir klæddu sig eftir veðri og tóku með sér gott nesti fyrir messukaffið eftir guðsþjónustu séra Sigurðar Grétars.

## Möguleikar foreldraorlofs

Við höfum gjarnan verið samfélag þar sem vinnan gengur fyrir og talið dyggð að setja vinnuna ofar öllu, að vinnan göfgi manninn er eða var oft sagt. Barneignir eru sannarlega gleðilegar og oft skipulagðar en ekki endilega og gjarnan ekki fjárhagslega. Alls ekki allir verðandi foreldrar leggja fyrir til að eiga fyrir barneignum og þeirri tekjuskerðingu og útgjöldum sem fylgja í kjölfarið, eða hafa einfaldlega ekki tók á því. Að loknu fæðingarorlofi tekur nefnilega við tímabil sem mörg kvíða, umönnunarabilið svokallaða (eða helvítisgjáin...). Gjáin sem myndast þegar fæðingarorlofi lýkur og biðin eftir leikskólalássi hefst. Hér er bent á eina leið til að mæta þessu þó fyrsta skrefið að mínu mati sé alltaf að lengja fæðingarorlofið í 24 mánuði. Við erum vonandi samfélag sem setjum fjölskylduna í fyrsta sæti og metum samveru



og nánd við okkar nánustu ofar skyldum okkar sem launþega. Við þurfum að gera það eðlilegt að virkja þennan rétt til að lengja fæðingarorlof eða stytta vinnutímann börnunum okkar til góða, líkt og gert er víða erlendis (í Svíþjóð og Hollandi sem dæmi). Réttur foreldra til tóku foreldraorlofs, allt að fjóra mánuði yfir 12 mánaða tímabil að átta ára aldri barna er til staðar og er mikilvægur réttur foreldra til samvista við börn sín. Vinnuveitendum ber að veita foreldrum þetta leyfi og er þetta einn liður í átt að barnvænu samfélagi þar sem fjölskyldan er í fyrsta sæti.

Foreldraorlof er lítt notaður réttur foreldra barna undir átta ára aldri til að taka launalaust orlof í allt að fjóra mánuði, skiljanlega þar sem flest heimili stóla á tvær fyrirvinnur. Orlofið gæti þó staðið vörð um störf foreldra og verið eitthvað sem hægt

væri að nýta í meira mæli eins og gert er erlendis. Árið 2022 voru níu foreldrar sem nýttu sér þennan rétt. Orlofinu er þannig hátt að foreldri þarf að tilkynna vinnuveitanda um orlofstöku með sex vikna fyrirvara. Ef vinnuveitandi sér sér ekki fært að verða við ósk foreldris þarf hann innan viku að koma fram með aðra útfærslu og bera undir foreldri til samþykkis. Þetta þarf að gera skriflega og tilgreina ástæður. Ef um frestun á tóku foreldraorlofs er að ræða að beiðni vinnuveitanda þurfa ástæður að vera sérstakar og ekki er heimilt að fresta foreldraorlofstöku lengur en í sex mánuði og óheimilt er að fresta orlofstöku sem er í beinu framhaldi af fæðingarorlofi, sem gæti sannarlega nýst einhverjum foreldrum þessa dagana. Foreldraorlofi er einnig hægt að dreifa yfir lengra tímabil og jafnvel samhliða minnkuðu starfshlutfalli tímabundið þegar aðstæður á heimili krefjast þess og í samráði við vinnuveitanda. Þarna er skýlaus réttur foreldra til fjögurra mánaða

orlofstöku í kjölfar barneigna og eins til skerts starfshlutfalls ef það hentar betur, til dæmis að vera í 50% starfi í átta mánuði þó starfið sé skilgreint 100% alla jafna. Þetta foreldraorlof er vissulega launalaust en er mikilvægur réttur foreldra með ung börn og getur sannarlega komið sér vel í kjölfar fæðingarorlofs eða þegar tímabil í lífi barna krefjast þess.

Við viljum flest lifa í samfélagi þar sem almenn velsæld er í fyrirrúmi og áhersla er lögð á velsældarhagkerfi. Þá þurfa bæði aðgerðir stjórnvalda að miða að velferð og lífsgæðum almennings og vinnuveitendur að hafa í huga að ánægð starfsfólk sem fær tíma og svigrúm til að sinna fjölskyldunni er alla jafna betra og ánægðara í starfi.

**Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir,**  
leik- og grunnskólakennari,  
oddviti VG í Suðurkjördæmi og  
stjórnarkona í hreyfingunni.

## Vertu velkomin(n) til okkar!

Elmar verslunarstjóri og Bryndís taka vel á móti þér og veita þér faglega ráðgjöf fyrir málningarverkefnið þitt.



**Flügger**



## Föðurbetrungar í meistaramóti GS

Sveinn Andri Sigurpálsson og Fjola Margrét Viðarsdóttir urðu klúbbmeistarar Golfklúbbs Suðurensja en meistaramótið fór fram í síðustu viku. Segja má að feðgaslagir hafi staðið upp úr ásamt blíðu og frábæru standi Hólmsvallar.

Sveinn Andri varð klúbbmeistari karla og spilaði á -6 eða 278 höggum og pabbi hans, Sigurpáll Geir Sveinsson, endaði í þriðja sæti. Pétur Þór Jaidee lenti í 2. sæti. Fjola Margrét var eini keppandinn í meistaraflokki kvenna og þ.a.l. öruggur klúbbmeistari kvenna en hún lék hringina þrjá

á 217 höggum. Í 1. flokki karla var sömuleiðis feðgaslagur, Snorri Rafn Davíðsson hafði betur gegn föður sínum, Davíð Jónssyni sem lenti í 2. sæti.

„Það var talsvert meiri þátttaka í meistaramótinu í ár en í fyrra eða 22% aukning. Það er auðvitað gleðiefni, völlum er í frábæru

standi og veðrið lék við kylfinga alla dagana. Spilamennskan var mjög góð, alls sáust tíu hringir á eða undir pari. Gaman að sjá feðga bítast í meistaraflokki og 1. flokki og þarna eru greinilega föðurbetrungar á ferð. Það var einnig gaman að fylgjast með 2. flokknum þar sem tveir efstu, þeir Skarphéðinn (15 ára) og Þorgeir (66 ára) voru að keppast um efsta sætið. Þarna er skýrt dæmi um hversu mögnuð golfþróttin getur verið að þrátt fyrir 49 ára aldursmun voru tveir

félagsmenn að keppa sín á milli á jöfnum grundvelli. Lokahófið tókst síðan frábærlega og bauð vertinn í skálanum, Guðmundur Rúnar Lúðvíksson upp á sannkallaða veislu. Breytingin á veltinum kemur mjög vel út og það er gaman að taka þátt í þessum uppgangi GS með frábærum starfsmönnum og öflugum sjálfboðaliðum,“ sagði Sverrir Auðunsson, framkvæmdastjóri GS.

## Heimavöllur Eyjamanna á gosári var í Njarðvík

Njarðvíkingar gáfu Eyjamönnum mynd til minningar um heimavöllinn í Njarðvík

Fyrir Þjóðhátíðarleik ÍBV og Njarðvíkur þann 3. ágúst sl. afhenti Ólafur Thordersen, fyrir hönd UMFN, forsvarsmönnum ÍBV mynd frá árinu 1973 en þá fengu Eyjamenn knattspyrnuvöll Njarðvíkinga fyrir heimavöll í kjölfar eldgosins í Heimaey.

Njarðvíkurvöllur varð hálfgerður „Mekka“ fyrir Eyjafólk þetta sumarið, þar sem fólk fjölmennti á leiki ÍBV, kom langar vegalengdir og varð liðið einskona sameiningartákn Eyjamanna.

Þetta sumarið spiluðu Eyjamenn 14 leiki, unnu átta, gerðu eitt jafntefli og töpuðu fimm. Eini tapleikur á Njarðvíkurvöllum kom gegn „nágrönnunum“ úr Keflavík.

Ólafur afhenti myndina í hálfleik á Þjóðhátíðarleiknum og var vel tekið í þetta skemmtilega framtak.



## Helgi Dan og Svanhvít klúbbmeistarar GG

Helgi Dan Steinsson og Svanhvít Helga Hammer urðu klúbbmeistarar Golfklúbbs Grindavíkur sem hélt sitt árlega meistaramót í síðustu viku, nokkru síðar en venjulega en mótinu var frestað í júlí vegna óhagstæðrar veðursþár. Þá átti að spila fjóra daga eins og venjulega en í ár var ákveðið að stytta mótið í þrjá daga og var leikið miðvikudag til föstudags og endaði mótið með glæsilegu lokahófi.

„Mótið tókst einstaklega vel og var leikið við frábær skilyrði á Húsatóftavelli sem hefur sjaldan litið eins vel út. Það blés aðeins á kylfinga á fyrsta og þriðja degi

en það er ekkert sem grindvískir kylfingar kannast ekki við. Þar sem flestir klúbbmeðlima búa ekki í Grindavík var ákveðið að ræsa út af öllum teigum klukkan

tvö á lokadegi og hafa lokahóf strax í kjölfarið og beið veislumatur frá Soho-veislubjónustu soltinnu kylfinga strax að leik loknum. Við vissum ekki hversu margir myndu skrá sig í meistaramótið og fór þátttakan langt fram úr okkar væntingum. Mjög góður andi var á meðal grindvískra kylfinga eins og vera ber og er gott hljóð í okkur upp á framhaldið,“ sagði Helgi Dan Steinsson, framkvæmdastjóri GG.



Ólafur Thordersen afhenti Hermanni Kr. Jónssyni, stjórnarmanni ÍBV árið 1973, myndina fyrir leik ÍBV og UMFN á Hásteinsvelli.



## Æfðu úti í blíðunni

Stelpurnar í Fimleikadeild Keflavíkur nýttu sér góða veðrið um síðustu helgi og tóku æfingu úti á grasinu fyrir utan fimleikahúsið. VF/pket.



Kríuvarp í Suðurnesjabæ heppnaðist vel. Tvö varplönd eru áberandi stærst. Annars vegar við Norðurkot í Sandgerði og hins vegar við Ásgarð í Garði. Á báðum stöðum kom krían upp stórum hópi unga sem hún mataði með sili í öllum stærðum. Svo virðist sem ástandið í hafinu hafi verið kríunni hagstætt. Nú er krían að leggja upp í þriggja mánaða ferðalag á suðurskautið. Meðfylgjandi myndir voru teknar við Norðurkot II í síðustu viku og þar má sjá foreldra bera björg í bú og myndarlegan unga að fá hita í kroppinn á götunni. VF/Hilmar Bragi



## Vel lukkað kríuvarp í Suðurnesjabæ



### Mundi

Það er enginn páfagauka-lærdómur að lesa Víkurfréttir.

## LOKAORD



ÍRISAR VALSDÓTTUR

### Skólarapp

„Hvaða dýrategund tengjast orðin gæðingur, klár og fákur?“ spurði ung upprennandi útvarpsstjarna félaga sína á einni vinsælustu útvarpsstöð landsins. Annar þeirra gat ómögulega svarað en hinn ákvað að láta það fyrsta sem upp kom í huga hans duga: „Selur!“. Nei hættið nú alveg hugsaði ég um leið og ég slökkti á útvarpinu og steig út úr bílnum. Þessari ungu kynslóð er ekki viðbjargandi!

Um kvöldið ákvað ég samviskusamlega að lesa bók um dýr fyrir

þriggja ára son minn áður en hann svifi inn í draumalandið, með það í huga að nú skyldum við setja allt í botn við að auðga orðaforða hans svo hann yrði ekki eins og félagarnir í útvarpinu. Honum fannst spenarnir á kúnni merkilegir og vildi fá að vita meira. „Jú sonur sæll, þetta eru spenar og úr þeim kemur mjólkinn sem að... sem að sko... barn kýrinnar drekkur. Eða ekki barnið heldur afkvæmi hennar sem kallast... hvað kallast það nú aftur...“ Ég gat ekki fyrir mitt litla líf munað hvað afkvæmin kölluðust. „Það eru allavega ekki hvolpar eða kettlingar, því eins og þú manst þá eru þeir afkvæmi hunda og katta en börn kýrinnar eru... já ætli það séu ekki bara kiðlingar.“ Þegar barnið var sofnað, ekki kiðlingurinn heldur sonur minn, ákvað ég að gúggla þetta og komst þá að því að ég hafði hreint ekki haft rétt fyrir mér. Ekki frekar en útvarpsdregirnir sem ég hafði úthúðað fyrir um daginn.

En er það nú kannski svo að þessi orð, sem við erum svo áfjád í að ungmenni skilji í dag, þá sérstaklega með tilliti til alþjóðlegra kannanna, eru í lítilli sem engri

notkun í daglegu lífi þeirra? Ég get ímyndað mér að ungu útvarpsdregirnir ræði álika oft um gæðinga og fáka og ég um kálfa. Við búum við allt annan veruleika í dag en bara fyrir tíu árum síðan. Við erum líklegast öll sammála því að tímarnir breytast og mennirnir með, en á það ekki einnig við um tungumálið? Ég hef það á tilfinningunni að um miðbik síðustu aldar hafi eldri kynslóðin fussað og sveiað yfir því að ávaxtasafi hafi verið kallaður djús en nú finnst okkur fátt eðlilegra.

Nám nemenda nútímans er í sífellt minna mæli byggt á æva-

fornum bókmenntum og páfagaukalærdómi eins og tíðkaðist hér áður fyrr þar sem börn þurftu að læra urð og grjótt, upp í mót utanbókar og þylja það svo upp fyrir kennarann. Aftur á móti eru þeim kenndar aðferðir við gagnlega upplýsingaöflun. Aukin áhersla er lögð á jafnrétti, lausnamiðaða hugsun og að virðing sé borin fyrir skoðunum annarra. Svo ekki sé talað um mikilvægi þess að þau finni sinn sinn farveg og þurfi þá ekki að eyða dýrmætum stundum lífsins í störf sem þeim þykja leiðinleg. Sem þau svo aftur öðlast ekki með páfagaukalærdómi einum saman.

*Veistu hver sagði hlíðin er svo fögur?*

*Veistu hvað gerðist 44?*

*Hvað er langt á Húsavík? Hvað er óákveðinn greinir?*

*Veistu að Ingólfur og Hjörleifur þeir komu ekki einir?*

*Suður í Afríku eru ljón en í Kína eru grjón*

*Hvaða er Vatnajökull hár?*

*Sýndu mér hvað þú ert klár*

*Búmm cha a búmm búmm cha!*

## Alvarlegt vinnuslys

Alvarlegt vinnuslys varð í Grindavík í síðustu viku. Starfsmaður hjá Ægi sjávarfangi festi hendi í vél.

Viðbragðsaðilar fóru þegar á vettvang og var viðkomandi fluttur á Landspítala Fossvogi. Lögreglan og Vinnueftirlitið rannsaka slysið.

## Byssumaður í Garði

Sérsvitarmenn frá ríkislögreglustjóra aðstoðuðu lögregluna á Suðurnesjum við



handtöku á manni sem skotið hafði úr haglabyssu í Garðinum á laugardagskvöld.

Úlfar Lúðvíksson, lögreglustjóri, sagði í samtali við Vísi að að skotin hafi ekki beinst að einum né neinum. Parna hafi verið óvarlega farið með vopn í byggð. Maðurinn var handtekinn og færður á lögreglustöð til yfirheyrslu.

# Ljósanæturtilboð

## 30% afsláttur af öllum vörum.

Annað þar fylgir öllum margskiptum glerjum.

Tilboðið gildir 6. ágúst til 7. september.

# Optical Studio

REYKJANESBÆR

Hafnargata 45 | 421-3811 | opticalstudio.is

